

- c) Við fyrstu skráningu verða allir hundar hreinsaðir, nema eigendur framvísi vottorði um að slíkt hafi þegar verið gert og skulu allar tíkur gerðar ófrjóar, hvort tveggja á kostnað eigenda. Skulu eigendur síðan eftirleiðis koma með hunda sína í árlega hreinsun þegar slík hreinsun verður auglýst.
- d) Árlega skal greiða gjald af þessum hundum og hreppsnefnd ákveður upphæð þess hverju sinni í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt fyrirfram og gjalddagi þess skal vera 1. mars ár hvert og eindagi 1. apríl.
- e) Skráðir eigendur hunda eru ábyrgir fyrir greiðslu hundagjalds og hvers kyns sektum vegna brots á bráðabirgðaákvæðum þessum. Verði vanskil á þessum greiðslum skal heimilt að innheimta þær samkvæmt lögum og þessari samþykkt. Jafnframt verður farið með hundinn samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar.
- f) Hundeigendum er skylt að hafa hunda sína ábyrgðartryggða fyrir hugsanlegu tjóni á mönnum og munum hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Skal framvísa gögnum þar um við skráningu og síðan árlega þegar hundagjald er greitt. Vanræki hundeigandi að ábyrgðartryggja hund sinn, skal fara með hundinn samkvæmt 5. gr. samþykktarinnar.
- g) Til þess að tryggja sem árangursríkasta framkvæmd þessara bráðabirgðaákvæða, verður leitað aðstoðar lögregluvalda A-Skaftafellssýslu ef þörf krefur.
- h) Ákvæði 3. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um hunda er falla undir þessi ákvæði til bráðabirgða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. nóvember 1983.

F.h.r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hafnarhreppi fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds vegna hundahalds í Hafnarhreppi samanber samþykkt um hundahald í Hafnarhreppi dags. 16. nóvember 1983, fyrir árið 1983 er sem hér segir:

- a) Vegna 3. gr. samþykktar um hundahald sbr. c-lið, verði gjaldið kr. 300,00.
b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykktinni sbr. d-lið, verði gjaldið kr. 3 500,00.

2. gr.

Framangreind gjaldskrá hreppsnefndar Hafnarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1983.

F.h.r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.